

DAGSKRÁRMÖGULEIKAR

VALKVÆÐ DAGSKRÁ Í HAFNARFIRÐI



Gert er ráð fyrir hléi á dagskrá Skátapings klukkan 16:00 á laugardegi fram að Hátíðarkvöldverði klukkan 19:30. Þess á milli er frjáls tími fyrir þátttakendur en hér verður farið yfir dagskrármöguleika í Hafnarfirði til að kynna sér bæinn og umhverfi hans betur. Ekki er þörf á skráningu í dagskrárliði.

Að auki þessara dagskrármöguleika er fjöldi kaffihúsa og veitingastaða í bænum sem við mælum með fyrir þátttakendur að skipulagðri dagskrá lokinni.

**Vakin er athygli á að samgöngur milli dagskrárliða er á ábyrgð þátttakendanna sjálfra og mun BÍS ekki sjá um að útvega ferðamáta á milli staða.*

UNDIRBÚNINGSGANGA REKKA- OG RÓVERSKÁTAMÓTS

Hitaðu upp fyrir Vatnaleiðina sem verður gengin á rekka- og róverskátamóti í sumar með léttri göngu við Hvaleyrarvatn.

Mæting er við Skátalund, skála skátagildisins í Hafnarfirði, klukkan 16:30.

HAFNARBORG

Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, Strandgata 34, opið til 17. Nánari upplýsingar um safnið og sýningar eru á [heimasíðunni þeirra](#).

BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR

Staðsett við Vesturgötu 6. Opið til 17 og aðgangur er ókeypis. Nánari upplýsingar um safnið og sýningar eru á [heimasíðunni þeirra](#).

SUÐURBÆJARLAUG

Staðsett við Hringbraut 77 og er opin fram á kvöld.

Sumir hafa sagt að sveppurinn sé besti pottur landsins – bara ein leið að komast að því hvort það sé satt.

ÁLFAHRINGUR - GÖNGUTÚR

Leiðin liggur frá Strandsstígnum að Hafnarfjarðarkirkju, upp á Hamarinn um Flensborgartröppurnar og þaðan niður Öldugötu og fyrir aftan Menntasetrið við



Lækinn. Þaðan er gengið inn Austurgötu í átt að Hellisgerði og þaðan niður Vesturbraut að Norðurbakka á Strandsstíginn aftur.

Nánari upplýsingar um gönguna má nálgast [hér](#).

HELLISGERÐI

Hellisgerði er almenningsgarður, allur prýddur hrauni. Þar er hægt að fara og leita að álfum en sagan segir að í Hellisgerði sé að vinna líkil inn í heim álfanna.

Nánari upplýsingar má nálgast [hér](#).

ÁSTJÖRN – GÖNGUTÚR

Ástjörn og svæðið umhverfis hana var friðlýst árið 1978. Í desember 1996 var verndarsvæðið stækkað með stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall umhverfis friðlandið. Ástjörn er afar vinsælt svæði til útivistar. Göngustígur liggur umhverfis tjörnina.

Nánari upplýsingar má nálgast [hér](#).

